

# Ársfundur Guðfræðistofnunar 2015-2016

30. mars 2016

## Skýrsla stjórnar

### *Inngangur*

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 22. apríl 2015. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar, 6. gr., skal ársfundur haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs og er hann því haldinn í mars að þessu sinni.

### *Stjórn Guðfræðistofnunar*

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á ársfundi 2014. Stjórnina skipa: Rúnar M. Þorsteinsson, sem er formaður, Hjalti Hugason, sem er meðstjórnandi og varaformaður, og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema. Sólveig Anna Bóasdóttir er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

### *Fjárhagsstaða*

Sjá fylgiskjal.

### *Málstofur*

Eftirfarandi málstofur hafa verið/verða haldnar á vegum Guðfræðistofnunar í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ frá síðasta ársfundi:

7. september. Fyrirlesari: Michaela Fritzes, sérfræðingur í búddisma, geðlæknir og ráðgjafi í Kiel. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Death and Rebirth from a Practical Point of View“.

21. september. Fyrirlesari: sr. Gunnþór Ingason, prestur á sviði helgihalts og þjóðmenningar við íslensku þjóðkirkjuna og MA í guðfræði frá Háskólanum í Wales, Lampeter. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Stef í keltneskri kristni“.

5. október. Fyrirlesari: Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor í guðfræði og ritskýringu við Háskóla Íslands. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Við Babýlónsfljót þá og nú – Sálmur 137. Sálmur Saltarans í sögu og samtíð“.

9. nóvember. Fyrirlesari: Dr. Gordon Lathrop, prófessor emerítus í lítúrgíu og prestur við The Evangelical Lutheran Church in America. Yfirskrift fyrirlestursins var: „The Gospels and Liturgical Reform“.

18. janúar. Fyrirlesari: Óttar M. Norðfjörð, rithöfundur. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Því svo elskaði Guð heiminn að hún gaf einkadóttur sína ...“

8. febrúar. Fyrirlesari: Valgerður Bjarnadóttir, félagsráðgjafi og MA í feminískri trúarheimspeki. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Ég er hin virta og hin svívirta’: Svarta madonnan og meyjan“.

22. febrúar. Fyrirlesari: Árni Bergmann, rithöfundur. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Um sambúðarvanda trúaðra og guðlausra“.

14. mars. Fyrirlesari: Dr. Grétar H. Gunnarsson, doktor í guðfræði frá Edinborgarháskóla og stundakennari við HÍ. Yfirskrift fyrirlestursins var: „Aðgreining, átök eða dýnamík? Samspil trúar, kærleika og veraldlegra yfirvalda“.

11. apríl. Fyrirlesari: Kristín Gunnlaugsdóttir, myndlistarkona. Yfirskrift fyrirlestursins er: „Myndlist til þroska – Tilfinningaleg hreinskilni“.

22. apríl. Fyrirlesari: Andrew M. Sacks, rabbí.

### ***Málþing***

Málþing Guðfræðistofnunar var haldið 4. nóvember í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ, frá kl. 13-16. Yfirskrift málþingsins var: *Hvað er í deiglunni? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild*. Fyrirlesarar, fastráðnir kennarar við deildina, voru sjö talsins og gerðu þeir grein fyrir rannsóknum sínum, skv. eftirfarandi dagskrá:

Sólveig Anna Bóasdóttir: „Hvernig á ég að breyta? Þankar um samband hugmynda, gilda og menningar“

Sigfinnur Þorleifsson: „Ég mun hjala við þig“: Huggunarræður í Ívars þætti Ingimundarsonar“

Rúnar M. Þorsteinsson: „Bréfaskriftir til forna: Bréf sem ’einskonar ritaðar samræður““

Pétur Pétursson: „Mystíkin í sálum og ljóðum Matthíasar Jochumssonar“

Hjalti Hugason: „Jarðsett verður í heimagrafreit: Breytingar í útfararsíðum Íslendinga“

Gunnlaugur A. Jónsson: „Kringum gullkálfinn: Biblíuleg heimfærsla í myndlist Einars Hákonarsonar“

Arnfríður Guðmundsdóttir: „Siðbótarkonan Katherine Zell“

Málþingsstjóri var Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

### ***Ritröð Guðfræðistofnunar***

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2015, hefti nr. 40 og 41.

Ritstjórn Ritraðarinnar á árinu 2015: Rúnar M. Þorsteinsson (ritstjóri), Gunnlaugur A. Jónsson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Styrkur til birtingar Ritraðarinnar frá Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar fyrir árið 2015 nam alls 380 þúsund eða 190 þúsund fyrir hvort hefti.

### ***Rannsóknarverkefnið 2017.is***

Sjá skýrslu um starf verkefnisins 2015.

### ***Trúarbragðafræðistofa***

Sjá skýrslu um starf verkefnisins 2015.

### ***Hugvísindaping***

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið var 11.-12. mars s.l. Að venju tóku starfsmenn Guðfræðistofnunar virkan þátt í Hugvísindapingi með eftirfarandi fyrirlestrum:

Arnfríður Guðmundsdóttir: „Af hverju umhverfisguðfræði? Guðfræðileg orðræða og umhverfisvandinn“ í málstofunni *Náttúra og trú—umhverfisguðfræði og forsendur hennar*.

Gunnlaugur A. Jónsson: „Hversu yndislegir eru á fjöllumum fætur fagnaðarboðans.“ Af myndmáli huggunarboðskaparins í Jesaja 40-55” í málstofunni *Jesajaritið í sögu og samtíð*.

Hjalti Hugason: „Umhverfisguðfræði á árnýöld — Jón Steingrímsson og Skaftáreldar“ í málstofunni *Náttúra og trú—umhverfisguðfræði og forsendur hennar*.

Pétur Pétursson: „Bókin um veginn og áhrif hennar á bókmenntir, trú og stjórnmál á Íslandi” í málstofunni *Heimsmýndafræði, náttúruspeki og tákneimur vestrænnar dulspeki*.

Rúnar M. Þorsteinsson: „Páll og pan(en)teismi: Guð og náttúran í bréfum postulans“ í málstofunni *Náttúra og trú—umhverfisguðfræði og forsendur hennar*.

Sólveig Anna Bóasdóttir: „Trú og loftslagsbreytingar. Yfirlýsingar trúarleiddtoga og trúarsamtaka í aðdraganda COP21” í málstofunni *Að lifa af andlega: Orðræður um loftslagsbreytingar*.

### ***Alþjóðlegt samstarf***

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Reykjavík, 15. mars 2016

Rúnar M. Þorsteinsson, formaður stjórnar

Hjalti Hugason, meðstjórnandi

Steinunn A. Björnsdóttir, fulltrúi doktorsnema